

AUGLÝSING

um breytingu á deiliskipulagi í Garðabæ.

Þann 7. september 2006 samþykkti bæjarstjórn Garðabæjar tillögu að óverulegri breytingu deiliskipulags lóðarinnar nr. 7 við Skrúðás.

Í breytingunni felst að byggingarreitur stækkar til vesturs sem nemur 30 m² að grunnfleti.

Bæjarstjórn tekur að sér að bæta það tjón sem einstakir aðilar kunna að verða fyrir vegna breytingarinnar.

Deiliskipulag þetta hefur fengið meðferð í samræmi við 2. mgr. 26. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 með síðari breytingum.

Deiliskipulagið öðlast þegar gildi.

Garðabæ, 13. febrúar 2007.

Arinbjörn Vilhjálmsson skipulagsstjóri.

B-deild – Útgáfud.: 19. febrúar 2007